

MANNRÉTTINDA- BARÁTTA INTERSEX FÓLKS – HVERNIG GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ?

DAN CHRISTIAN GHATTAS
DESEMBER 2015

ÍSLENSKA





MANNRÉTTINDABARÁTTA INTERSEX FÓLKS – HVERNIG GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ?

DAN CHRISTIAN GHATTAS





Rue du Trône/Troonstraat 60
1050 Brussel
Belgíu

Sími: + 32 2 609 54 10,
Fax: + 32 2 609 54 19
www.ilga-europe.org



Hönnun & umbrot: Silja Pogule,
www.siljapo.com



Fjármagnað af Evrópusambandinu
www.intersex.is
www.oiiEurope.org

Þýðandi: María Helga Guðmundsdóttir
Design & layout: S. Beneš • www.benswerk.wordpress.com



Original English version funded by the European Union
& published by ILGA-Europe

Islandic version produced in cooperation with
Heinrich Böll Stiftung e.V.

EFNISYFIRLIT

- 9** AÐ VERA INTERSEX Í EVRÓPU
- 19** ALGENGAR SPURNINGAR
- 25** HVERNIG GETUR ÞÚ HJÁLPAÐ?
- 29** VIÐAUKAR
- 33** TENGLAR, HEIMILDIR OG TENGILIÐIR

ILGA-EUROPE

Evrópudeild Alþjóðasamtaka lesbía, homma, tvíkynhneigðra, trans og intersex fólks (ILGA) – eru alþjóðleg regnhlífarsamtök sem sameina 400 frjáls félagasamtök í 45 Evrópulöndum. ILGA-samtökin voru sjálf stofnuð árið 1978. ILGA-Europe var sett á laggirnar sem sérstök svæðisdeild innan ILGA og sjálfstæður lögaðili árið 1996.

Við sjáum fyrir okkur heim þar sem mannvirðing, frelsi og full mannréttindi eru vernduð og tryggð fyrir alla, óháð raunverulegri eða áætlaðri kynhneigð þeirra, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkennum.

TVÆR MEGINSTOÐIRNAR Í STARFSEMI ILGA-EUROPE ERU:

1. Barátta fyrir mannréttindum og jafnrétti fyrir LGBTI fólk á Evrópuvísu hjá stofnunum á borð við Evrópusambandið, Evrópuráðið og Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE), sérstaklega hvað varðar hælisleit, hatursglæpi og hatursorðæðu, menntun, atvinnu, fjölskyldu, funda-, félaga- og tjáningarfrelsi, heilsu, lagalega viðurkenningu á kyni og líkamlega friðhelgi.

2. Styrking evrópsku LGBTI hreyfingarinnar egegnum þjálfun og stuðning fyrir aðildarfélög og önnur hinsegin félög á sviðum réttindabaráttu, fjármögnunar, styrkingar innviða, upplýsingamiðlunar o.fl.

OII-EUROPE

(Organisation Intersex International Europe) eru regnhlífarsamtök evrópskra intersex mannréttindafélaga. Þau voru stofnuð á mannréttindaginn 10. desember á öðru Intersex-málþinginu í Stokkhólmi árið 2012.

OII Europe vinnur að vernd og fullri framkvæmd á mannréttindum intersex fólks í Evrópu og um heim allann. OII Europe veitir stofnunum ESB og Sameinuðu þjóðanna sérfræðiupplýsingar um mannréttindabrot gegn intersex fólki, auk þess að þjálfar og upplýsa löggjafa, frjáls félagasamtök og almenning um lífsskilyrði intersex fólks og þau mannréttindabrot sem það sætir. OII Europe leitast við að byggja sterka Evrópuhreyfingu með því að mynda tengsl við einstaklinga, aðgerðasinna og samök um gervalla Evrópu og hjálpa þeim að beita sér fyrir réttindum intersex fólks.

OII Europe er sjálfstætt hlutdeildarfélag í Organisation Intersex International (OII), sem er dreifstýrt tengslanet intersex samtaka. OII var stofnað árið 2003 og hefur starfað í öllum heimshlutum gegnum hópa í einstökum þjóðlöndum.

„KÆRU LESENDUR,

Síðan á miðjum 10. áratugnum hefur stigvaxandi fjöldi intersex fólks í Evrópu og um heim allan séð sig knúinn til að hefja upp raust sína og fordæma mannréttindabrot á intersex fólki. Til þess urðu þessir einstaklingar að sigrast á leynd, skömm, sjúkdómsvæðingu af hálfu sjálfs sín eða annarra, og gríðarlegan þekkingarskort samfélagsins um þarfir (eða hreinlega tilvist) intersex fólks. Slíkar áskoranir voru – og eru enn – erfiðar viðureignar.

En heimurinn er að breytast. Árið 2015 hefur markað þáttaskil í Evrópu. Malta varð fyrsta ríki heims til að vernda líkamlegt sjálfræði og friðhelgi intersex fólks með lögum á grundvelli „kyneinkenna“ þann 1. apríl. Malta og Grikkland (síðan 24. desember) urðu fyrstu Evrópulöndin til að tilgreina sérstaklega bann við mismunun gagnvart intersex fólki.

2015 var einnig ár tveggja tímamótarita: Greinargerðar mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins um „Mannréttindi og intersex fólk“ og skýrslu Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda (FRA) um „Grundvallarmannréttindastöðu intersex fólks“. Bæði ritin staðfesta að „normgerandi“ inngrip í kyneinkenni fara enn fram án samþykkis um gervalla Evrópu.

Hornsteinn árangursríkrar réttindabaráttu er þekking. Ef þú vilt vita hvernig þú getur beitt þér fyrir breytingum, getur þessi handbók nýst þér. Hún útskýrir helstu áskoranir sem intersex fólk mætir á mismunandi sviðum, útskýrir kröfur intersex fólks, miðlar upplýsingar um þróun mála í pólitík og inniheldur ráð um það hvernig þú getir orðið frábær bandamaður intersex fólks.

Við þökkum ILGA-Europe fyrir að gera okkur kleift að gefa þessa handbók út og fyrir einarðan stuðning þeirra í baráttunni fyrir mannréttindum intersex fólks. Við þökkum framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fyrir að fjármagna þetta verkefni.

Dan Christian Ghattas, Miriam van der Have,
formenn OII Europe

KÆRU LESENDUR,

Þökk sé djarfri og einlægri vinnu intersex aðgerðasinna um alla Evrópu hefur þögninni og almennum áhugaskorti um málefni intersex fólks verið aflétt. Í stað hans má nú finna aukinn áhuga meðal bandamanna í frjálsum félagasamtökum og stjórnámálanna, aukna fjölmiðlaumfjöllun og sterkar pólitískar yfirlýsingar.

Þegar fólk fréttir af mannréttindabrotunum sem intersex einstaklingar sæta og lífsreynslu þeirra, eru fyrstu viðbrögðin: Hvernig get ég orðið bandamaður intersex fólks? Hvað get ég gert?

Síðan við bættum I-inu í stefnu okkar árið 2008 og skipulögðum fyrsta evrópska intersex-málþingið (European Intersex Forum) árið 2011 höfum við hjá ILGA-Europe spurt sömu spurninga. Við höfum gengið í gegnum mikið lærdómsferli og byggt sambönd í samvinnu við OII-Europe. Hið árlega intersex-málþing, náið samstarf með intersex aðgerðasinnum og þjálfun fyrir starfsfólk og aðildarfélag ILGA-Europe hafa stutt við þetta lærdómsferli. Og við erum enn að læra á hverjum degi.

Í ár hefum við sé vaxandi áhuga á intersex málefnum hjá fjölda mannréttinda- og jafnréttisstofnana, stefnumótandi aðila, heilbrigðisstarfsmanna, kennara, frjálsra félagasamtaka og auðvitað LGBT-aðgerðasinna. Vilji þeirra til að læra meira um málefni intersex fólks og verða sterkir bandamenn í baráttunni fyrir intersex mannréttindum blæs okkur byr í brjóst.

Við vonum að þessi handbók muni upplýsa bandamenn okkar og verða upphafspunkturinn að mörgum samtölum.

Intersex málefni eru orðin lykilþáttur í mannréttindabaráttu okkar. Nú viljum við hvetja ykkur til að gera intersex að hluta að ykkar mannréttindabaráttu líka.

Evelyne Paradis,
Framkvæmdastjóri ILGA-Europe

**AÐ VERA
INTERSEX
Í EVRÓPU**

HVAÐ ER AÐ VERA INTERSEX?

Intersex einstaklingar eru fæddir með kyneinkenni (til dæmis litninga, kynfæri og/eða hormónastarfsemi) sem falla ekki í þröngar skilgreiningar fyrir flokkun í karl- eða kvenkyn, eða sem tilheyra báðum þeim flokkum samtímis. Læknar ráðleggja foreldrum oft að framkvæma skurðaðgerðir eða önnur læknisfræðileg inngrip á hvítvoðungum og börnum til að láta líkama þeirra (virðast) falla að kvenkyns eða karlkyns kyneinkennum. Í flestum tilvikum eru þau inngrip ekki læknisfræðilega nauðsynleg og geta haft alvarlegar neikvæðar afleiðingar fyrir intersex börn þegar þau vaxa úr grasi.

‘Intersex’ vísar til þess náttúrliga rófs af breytileika á kyneinkennum sem fyrirfinnst hjá mannkyninu. Hugtakið kallar einnig eftir því að tekið sé í sátt að líffræðilegt kyn er á rófi og að fólk með kyneinkenni önnur en karl- og kvenkyns er til.

Í sögulegu samhengi var hugtakið „intersex“ notað eins og um röskun væri að ræða sem þyrfti að „laga“ með læknisfræðilegum inngripum. Á síðustu tveimur áratugum hefur hugtakið verið endurskilgreint af baráttufólki fyrir mannréttindum intersex fólks sem regnhlífarhugtak á grundvelli mannréttinda.

Allir einstaklingar fæðast með ákveðin kyneinkenni, hvort sem þeir eru intersex eða ekki. Staðreyndin að einhver sé intersex getur komið í ljós á mismunandi tímamörum á ævinni: við fæðingu, í barnæsku, við kynþroska eða á fullorðinsárum. Allt eftir lífsskilyrðum og því stigi þöggunar sem ríkir í umhverfinu getur manneskja komist að því að hún sé intersex snemma eða seint á ævinni. Sumt intersex fólk kemst aldrei að því.

HVERT ER HELSTA VANDAMÁLID SEM INTERSEX FÓLK Í EVRÓPU MÆTIR Í DAG?

Í heimi þar sem yfirgnæfandi meirihluti fólks og ríkisstjórna þekkir bara og viðurkennir tvö kyn („karlkyn“ og „kvenkyn“) er tilvist intersex fólks og líkama þeirra ekki viðurkennd. Í staðinn eru heilbrigðir intersex líkamar skilgreindir sem „læknisfræðilegt vandamál“ og „sálfélagslegt neyðarástand“¹ sem þarf að leiðrétta með skurðaðgerðum, hormónagjöf og öðrum læknisfræðilegum og stundum sálfræðilegum aðferðum.

Samkvæmt tímamótaskýrslu frá Evrópustofnun grundvallar-mannréttinda frá árinu 2015, sem fjallar um grundvallarréttindastöðu intersex fólks í Evrópusambandinu, eru „normgerandi“ skurðaðgerðir framkvæmdar á intersex börnum í a.m.k. 21 aðildarríki.² Ástandið er svipað um heim allan.³

1) Ladee-Levy JV.: Ambiguous genitalia as a psychosocial emergency In: Z Kinderchir. 1984 Jun;39(3):178-81.

2) Í átta aðildarríkjum má forsjáradili samþykkja „normgerandi“ skurðaðgerðir jafnvel þótt barnið sé nógu gamalt til að taka ákvörðun sjálft. European Union Agency for Fundamental Rights: FRA Focus Paper. The Fundamental Rights Situation of Intersex People. Vínarborg 2015, bls. 1.

3) Dan Christian Ghattas: Menschenrechte zwischen den Geschlechtern. Vorstudie zur Lebenssituation von Inter*Personen. Hg. von der Heinrich-Böll-Stiftung. Berlin 2013.

4) Með „óviðurkenndri meðferð“ er átt við notkun lyfja í öðrum tilgangi en þeim sem þau eru prófuð og viðurkennd fyrir.

HVERNIG ER AÐ VERA INTERSEX Í EVRÓPU Í DAG?

DÆMI UM MANNRÉTTINDABROT GAGNVART INTERSEX FÓLKI:

Um gervalla Evrópu er intersex fólk sjúkdómsvætt og sætir alvarlegum mannréttindabrotum. Vegna þess að lítið er á það að vera intersex sem sjúkdóm í sjálfu sér er greining á fóstur- eða fósturvísisstigi oft átylla fyrir því að fyrirbyggja frekari fósturþroska. Í öðrum tilfellum er beitt áhættusamri og óviðurkenndri⁴ lyfjameðferð á fósturstigi (dexamethasone).

Eftir fæðingu, í barnæsku og á unglings- og fullorðinsárum er brotið gegn líkamlegri friðhelgi intersex fólks, þar á meðal læknisfræðilegum inngripum án persónulegs, fyrirfram veitts, viðvarandi og að fullu upplýsts samþykkis. Þetta getur valdið sálrænum skaða auk alvarlegra líkamlegra hamlana, allt frá sársaukafullri örmyndun til beinþynningar og vandamála með þvagrás. Intersex börn eiga á hættu raskanir á fjölskyldulífi vegna tabús og sjúkdómsvæðingar. Þau eru líka í áhættuhópi um brottfall úr skóla vegna áhrifa af læknameðferðum og einelti.

Fullorðnir intersex einstaklingar geta átt erfitt með að finna sér atvinnu vegna skorts á menntun, líkamlegra hamlana eða lítils sjálfsöryggis út af félagslegri skömm. Þeir búa við aukna áhættu á fátækt vegna menntunarskorts sem stafar af sjúkdómsvæðingu og tengdum áföllum. Á öllum aldri mætir intersex fólk fordómum, mismunun í orðræðu, kerfisbundinni mismunun, áreitni, skorti á viðeigandi heilbrigðisþjónustu, skertu aðgengi að upplýsingum, skertri lagalegri viðurkenningu og ósýnileika líkama sinna í samfélagi okkar.

Þegar intersex manneskjur eldast þurfa þær, rétt eins og allt annað fólk, að reiða sig í auknum mæli á heilbrigðiskerfið. Vegna áfalla sem þær hafa orðið fyrir í læknameðferðum fyrr á ævinni er mjög erfitt fyrir þær að verða háðar heilbrigðisþjónustu. Auk þess er lítið til af upplýsingum um hugsanleg heilsufarsáhrif af meðferðum sem þau hafa gengist undir mestalla ævina.

AÐGENGI AÐ HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU OG OFBELDI Í LÆKNAUMHVERFI

Aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu er oft skert vegna fordóma heilbrigðisstarfsfólks og reglna tryggingafyrirtækja um endurgreiðslu á kostnaði. Þetta á ekki síst við þar sem aðgengi að tiltekinni þjónustu (t.d. fyrirbyggjandi eftirliti vegna ákveðinna sjúkdóma eða almennri heilbrigðisþjónustu) er bundið við kyn/kyngervi einstaklingsins eða þar sem sjúkrasaga skiptir máli (t.d. við líftryggingar, sjúkratryggingar gegnum einkaaðila og örorkutryggingar).

Vantrú, fordómar og viðbjóður sem tjáð eru af heilbrigðisstarfsfólki geta leitt til þess að intersex fólk forðist að sækja sér heilbrigðisþjónustu. Þau geta líka leitt til þess að heilbrigðisstarfsfólk neiti intersex fólk um heilbrigðisþjónustu. Slík tilvik hafa verið tilkynnt OII Europe og aðildarfélögum þess um alla Evrópu. Ólíkt því sem lækna haldar oft fram, hjálpa aðgerðir á kynfærum ekki intersex fólk að forðast þessar tálmanir á heil-

brigðisþjónustu síðar á ævinni. Atvik sem þessi hafa hent bæði fólk sem hefur og hefur ekki sætt skurðaðgerðum.

Intersex einstaklingar hafa endurtekið lýst líkamlegu og andlegu ofbeldi af hálfu heilbrigðisstarfsfólks (t.d. ósamþykktar skoðanir, harkaleg notkun áhalda við skoðun eða að ásaka intersex fólk um að streitast vísitandi á móti þegar líkamar þeirra heimila ekki að hefðbundin skoðun fari fram).

Önnur algeng vandamál sem intersex fólk í Evrópu glímir við eru skortur á aðgengi að hormónameðferð (eftir að hormónaseytandi vefur hefur verið fjarlægður með skurðaðgerð) eða hormónameðferð sem fellur ekki að raunverulegum þörfum líkama manneskjunnar (og er í stað ætlað að framfylgja úthlutuðu karl- eða kvenkyni).

MENNTUN

Intersex fólk getur mætt erfiðleikum í menntastofnunum frá fyrsta degi. Fyrir það fyrsta eru intersex fólki hvergi gerð skil á uppbyggilegan hátt í nokkru námsefni.⁵ Oftast er ekki vikið einu orði að intersex. Ef minnst er á intersex fólk er því lýst sem hugarspuna úr goðsögum (tvíkynjungum) eða dæmi um óeðli eða það sjúkdómshætt (í líffræðikennslubókum, handbókum um læknávisindi eða alfræðiritum).

Að auki fjallar kynfræðsluefni um tilvist eða líkamlega reynslu intersex fólks. Þess í stað viðheldur það þeirri mýtu að aðeins tvö kyn séu til. Þessi reynsla eykur á þá skömm og leynd sem intersex einstaklingar upplifa og lætur þeim líða eins og þeir séu ekki til eða séu að blekkja fólk á unga aldri.

Intersex nemendur geta auk þess mætt beinni mismunum í skóla og í framhaldsnámi ef kyntjáning þeirra, líkamsvöxtur eða aðrir útlitshættir falla ekki að kven- eða karllægum normum. Intersex einstaklingar hafa lýst einelti í skólum á þessum grundvelli (t.d. notkun niðrandi orðalags og andlegu og líkamlegu ofbeldi). Staðir þar sem líkaminn verður sýnilegur öðrum, svo sem salerni og búningasklefar, eru algengur vettvangur kvíða og áreitni, óháð því hvort intersex manneskjan hefur undirgengist „normgerandi“ skurðaðgerðir eða ekki.

Enn uggvænlegra er að intersex einstaklingar verða oft fyrir hömlunum í námi sem má beintengja við brot gegn líkamlegri friðhelgi þeirra. Flestar skurðaðgerðir sem framkvæmdar eru á unga aldri hafa í för með sér frekari aðgerðir til eftirfylgni á komandi árum. Þessar aðgerðir fara oft fram í skólaleyfum, á kostnað þarfar barnsins til að slaka á og njóta sín. Sum börn hrökklast úr skóla vegna þessa langa bataferlis. Þvinguð hormónameðferð í barnæsku eða á unglingsárum, sem ætlað er að breyta líkamanum í átt að úthlutuðu kyni, hefur einnig verið tengd við lækun á einkunum.

Þetta líkamlega og sálræna álag kemur oft í veg fyrir að intersex fólk rækta hæfileika sína til fulls og skerðir frammistöðu þess í námi. Þar af leiðandi eiga þessi börn og ungmenni oft erfitt með að öðlast framhaldsmenntun og eiga fátækt á hættu síðar á lífsleiðinni. Intersex manneskjur sem ná að sækja sér framhaldsmenntun eiga eftir sem áður í erfiðleikum vegna mannréttindabrotanna sem þær sættu og mismununni sem fylgir þeim á fullorðinsárum.

5) Undantekningar á þessu eru maltesk stefna um stöðu trans og intersex nemenda og annarra með ódæmigerða kyntjáningu í skólakerfinu („Trans, gender-variant and intersex students in schools policy“) og hinsegin fræðsla á vegum Samtakanna '78 á Íslandi, sem farið er með í skóla með það að markmiði að hún verði þætt inn í almennt námsefni með tímanum.

BROTTFALL INTERSEX FÓLKS ÚR SKÓLA

Nýleg áströlsk rannsókn sem náði til 272 intersex einstaklinganna á aldrinum 16–85+ sýndi fram á að aðeins fjórðungur þeirra mat reynslu sína á skólakerfinu jákvæða. Yfirgnæfandi meirihluti þátttakenda (92%) gekk ekki í skóla þar sem fræðsla um kynþroska og kynlíf gerði ráð fyrir fjölbreytileika. Alls höfðu 18% intersex fólksins aðeins lokið grunnskólanámi

(í samanburði við 2% áströlsku þjóðarinnar allrar). Stór hluti þátttakenda (66%) hafði sætt mismunun á borð við óbeint eða beint ofbeldi í orðum eða gjörðum. Líkurnar á að þau byggju við skerta vellíðan voru háar.⁶

ATVINNA

Erfiðleikar intersex fólks í skóla halda oft áfram á vinnumarkaði, þar sem tabú, leynd og skömm lifa áfram góðu lífi. Intersex manneskjur geta verið fórnarlömb beinnar og óbeinnar mismununar og áreitni vegna útlits eða kyntjáningar sinnar.⁷

Þegar að starfsumsókn kemur getur intersex manneskja þurft að útskýra námshlé eða tímabil þar sem hún var ekki á vinnu- markaði, t.d. vegna sjúkráhúslegru eða skertrar vinnugetu út af þunglyndi eða áföllum. Fyrri og yfirstandandi lækni meðferðir hafa áhrif á líkamlegan og sálrænan þroska manneskjunnar og draga beint úr getu hennar til að vinna.

Læknisskoðanir á vegum atvinnuveitanda geta verið intersex fólki afar erfiðar, sérstaklega þegar heilbrigðisstarfsmaðurinn sem um ræðir veit ekkert um tilvist intersex fólks eða lítur svo á að intersex fólk sé með röskun á líffræðilegu kyni (e. *disorder of sex development*, DSD). Heimildir eru fyrir því að intersex fólki hafi verið hafnað úr ákveðnum starfsstéttum (t.d. lögreglu og slökkviliði) vegna greiningar á slíkri röskun og/eða vegna aðgerða sem þau voru látin sæta án samþykkis.

Að starfi fengnu hafa intersex einstaklingar lýst hnýsni vinnufélaga um líkama þeirra.⁸ Sumt intersex fólk sem hætti á að opna á umræðu um intersex líkama sinn hefur lýst vantrú og höfnun af hálfu vinnufélaga og yfirmanna.⁹ Rétt eins og í menntakerfinu getur álagið sem fylgir mismunun og jaðarsetningu leitt til aukinna fjarvista frá störfum, sem eykur hættuna á því að intersex fólk missi vinnuna.

Sumt intersex fólk fær metna örorku vegna þeirra líkamlegru hamlana sem fylgja ósamþykktum skurðaðgerðum. Það er misjafnt eftir löndum hversu mikla vernd þessi staða veitir, en hún getur einnig haft í för með sér aukna mismunun og jaðarsetningu vegna fötlunarfordóma.¹⁰

6) UNESCO TH/DOC/HP2/15/042, bls. 38, <http://unesdoc.unesco.org/images/0023/002354/235414e.pdf>

7) Óútgefin viðtöl við intersex fólk í Þýskalandi úr verkefninu „Barátta gegn mismunun og valdefling fyrir intersex fólk“ („Antidiskriminierungsarbeit und Empowerment für Inter**“). Samantekt á niðurstöðunum má nálgast á https://interprojekt.les.wordpress.com/2015/09/interprojekt_konzept.pdf

8) OII Australia, Pride in Diversity (2014): Employers' Guide to Intersex Inclusion, bls. 17. <https://oii.org.au/wp-content/uploads/key/Employer-Guide-Intersex-Inclusion.pdf>

9) Hollenska félagsvísindastofnunin: Living with intersex/DSD: An exploratory study of the social situation of persons with intersex/DSD. Höfundur: Jantine van Lisdonk. 2014, bls.56.

10) OII Europe (2015): Statement of OII Europe on Intersex, Disability and the UN Convention on the Rights of People with Disabilities. http://oii.europe.org/wp-content/uploads/2015/05/CRPD_2015_Statement_OII_Europe.pdf

MISMUNUN Á ÖÐRUM SVIÐUM

Intersex fólk er í áhættuhópi þegar kyntjáning og útlit þeirra fellur ekki að félagslegum normum svokallaðra kven- og karlmannslíkama. Af þeim sökum getur intersex fólk orðið fyrir áreitni eða mismunun á öllum sviðum, þar á meðal í aðgengi að vörum (s.s. lyfjum, fatnaði, snyrtivörum) og þjónustu (t.d. líkamsræktarstöðvum, hótélherbergjum, flugmiðum).

MANNRÉTTINDI INTERSEX FÓLKS ERU Í HÚFI

- Réttur til lífs
- Bann við pyntingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð
- Réttur til sjálfsákvörðunar og líkamlegrar friðhelgi
- Réttur til einkalífs og fjölskyldulífs
- Réttur á jafnri vernd laganna, án nokkurrar mismununar
- Réttur til raunhæfs úrræðis til að leita réttar síns
- Réttur til upplýsinga
- Tjáningarfrelsi

LAGALEG VIÐURKENNING

Á uppvaxtarárum sínum uppgötva intersex einstaklingar stundum að kynið sem þeim var úthlutað við fæðingu með kynskráningu (og oft einnig með lækni meðferðum) passi ekki við kynvitund þeirra. Ferlið sem einstaklingar þurfa að ganga í gegnum til að fá lagalega viðurkenningu á kyni sínu er mjög breytilegt á milli Evrópulanda. Ef lagaleg viðurkenning er yfir höfuð í boði þarf intersex fólk oft að lýsa því yfir að það sé trans til að breyta kynskráningunni. Í sumum löndum er fólk með intersex-tengda greiningu meinað að nýta sér lagaferlin til viðurkenningar á kyni, sem skilur þau eftir í lagalegri pattstöðu.

HVAÐ VILL INTERSEX FÓLK?

Einróma kröfur mannréttindahreyfingar intersex fólks voru settar fram í Möltuyfirlýsingunni á þriðja Alþjóðlega intersex-málþinginu árið 2013.¹¹ Yfirlýsingin krefst þess að **endi verði bundinn á limlestandi og „normgerandi“ inngrip eins og kynfæraaðgerðir, sálfræðimeðferðir og önnur lækni-fræðileg inngrip**. Í staðinn eigi að valdefla intersex fólk til að taka sjálft ákvarðanir sem varða líkamlega friðhelgi þess, sjálfstæði og sjálfsákvörðunarrétt.

Sums staðar í heiminum tíðkast útburður intersex barna og morð á intersex fólki. Sú er ekki raunin í Evrópu. Þó er það staðreynd að í Evrópu leiðir sjúkdómsvæðing á intersex til þess að intersex fóstur eru greind erfðafræðilega fyrir bólfestu og framkvæmdar eru skimanir, meðferðir á fósturskeiði og fóstureyðingar. Þetta er áhyggjuefni. Þessi misnotkun stafar beint af því að intersex líkamar séu álitnir vera með röskun. Yfirlýsingin kallar eftir því að fjarlægja breytileika á kyneinkennum af sjúkdómaskrá í lækni-fræðilegum leiðarvísingum, verklagsreglum og flokkunum, þar á meðal sjúkdóma- og dánarmeinaskrá (ICD) Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO).¹²

Möltuyfirlýsingin leggur einnig áherslu á það að **skapa og stuðla að öruggu, stuðningsríku og fagnandi umhverfi** fyrir intersex fólk, fjölskyldur þeirra og aðstandendur. Í því felst meðal annars að lögfesta bann við mismunun á grundvelli kyneinkenna og tryggja að intersex fólk njóti verndar gegn fjölbættri mismunun. Það þýðir líkja að tryggja verði intersex fólki öll mannréttindi og borgararéttindi, þar á meðal réttinn til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu og réttinn til skilríkja sem endurspeglar kynvitund einstaklingsins.

Þegar kemur að misrétti og þjáningum sem intersex fólk hefur mátt þola í fortíðinni kallar Möltuyfirlýsingin eftir sæmandi úrlausn, skaðabótum, aðgang að úrræðum til að leita réttar síns og tilkalli til sannleikans. Þetta þýðir að intersex fólk verði að eiga rétt á fullum upplýsingum og aðgengi að eigin sjúkraskýrslum og -sögu.

Sjúkdómsvæðing og útskýfun intersex fólks veldur alvarlegum geðrænum skaða. Það er mikilvægt að tryggja að intersex fólk hafi aðgang eftir þörfum að sálfélagslegum stuðningi og jafningjastuðningi sem ekki byggir á sjúkdómsvæðingu. Það sama gildir um foreldra og/eða umönnunaraðila.

11) <http://oieurope.org/public-statement-by-the-third-international-intersex-forum/>

12) Sjá einnig skýrsluna 'Intersex Issues in the ICD' (2014), sem ávarpar sérstök áhyggjuefni í tengslum við intersex málefni í endurskoðun alþjóðlega sjúkdóma- og dánarmeinaskrárinnar. <http://wp.me/a1djE5-aw>

LAGALEG STAÐA Í EVRÓPU

Evrópa er því miður ekki öruggur samastaður fyrir intersex fólk. Þrátt fyrir að aukin athygli beinist að intersex málefnum í sumum löndum er intersex fólk enn að mestu ósýnilegt víðast hvar í alfunni. Þess utan ríkir mikill skortur á upplýsingum um intersex sem ekki byggja á sjúkdómsvæðingu. Intersex manneskjur eiga á hættu að vera stimplaðar sjúkar á öllum sviðum samfélagsins.

Fyrir utan löggjöfina á Möltu um kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni frá 2015 („Gender Identity, Gender Expression and Sex Characteristics Act“) hefur ekkert annað Evrópuland lögleitt ákvæði sem tryggja líkamlega friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétt intersex fólks.

Maltneska löggjöfin, sem samþykkt var í apríl 2015, er sem stendur besta dæmið á heimsvísu um lagalega vernd intersex fólks. Löggjöfin bætir kyneinkennum inn í bæði almenna jafnréttislöggjöf og bann við hatursorðræðu og hatursglæpum í hegningarlögum.

Einnig er mikilvægt að löggjöfin bannar „læknisfræðileg inn-grip sem eru knúin af félagslegum þáttum, án samþykkis einstaklingsins sem um ræðir“. Auk þess gefur löggjöfin rétt á að nálgast sálfélagslegan stuðning og jafningjastuðning og heimilar öllum einstaklingum að fá lagalega viðurkenningu á kynvitund sinni í gegnum einfalt skrifinnskuferli.

Malta og, frá og með 24 desember 2015, Grikkland eru einu Evrópulöndin sem leggja sértækt bann við mismunun á grundvelli kyneinkenna. Maltneska löggjöfin krefst þess að allri ólöglegri mismunun og áreitni sé útrýmt úr opinberri þjónustu og að leitast sé eftir að tryggja öllum jöfn tækifæri, óháð þessum einkennum.¹³

Á **Íslandi** stendur yfir undirbúningur á frumvarpi sem byggir á maltnesku löggjöfinni, sem myndi vernda líkamlega friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétt á grundvelli kyneinkenna. Í frumvarpinu verður líka tekin fyrir vernd gegn hatursglæpum og hatursorðræðu, auk vendar á aðgengi atvinnu, vörum og þjónustu, og öðrum þáttum á grundvelli kynvitundar, kyntjáningar og kyneinkenna.

Eyjan **Jersey** samþykkti reglugerð gegn mismunun árið 2015 þar sem tilgreint er að „intersex staða“ heyri undir bann við mismunun á grundvelli kyns í mismunarlöggjöf Jersey (Discrimination (Jersey) Law) frá 2013.¹⁴



Baskaland á Spáni og Skotland á Bretlandi hafa tekið fyrstu skrefin í átt að því að vernda intersex fólk fyrir mismunun með því að tilgreina intersex í ákvæðum um kynvitund.¹⁵ Í sumum Evrópulöndum er vernd fyrir intersex fólk undirskilin vernd á grundvelli kyns eða kynvitundar.¹⁶ Önnur Evrópulönd eru með opinn lista yfir grundvöll mismununar og tilgreina „aðrar“ mismunabreytur, sem nota mætti til að vernda intersex fólk.¹⁷ Án dómafordæmis er þó ekki búið að reyna á þennan grundvöll. Í ljósi

skorts á félagslegum og lagalegum sýnileika þyrfti að fara fram fræðsla í samfélaginu og til hagsmunaaðila um intersex málefni áður en hægt væri að reiða sig á vernd á grundvelli „annars“.

Finnland uppfærði kynjajafnréttislöggjöf sína árið 2015. Hún vísar nú einnig til „kynjaðra líkamlegra einkenna“, sem er ætlað að vernda intersex fólk fyrir mismunun.

GAGNAÖFLUN

Það er fyrst á síðustu 20 árum að intersex fólk hefur tjáð sig opinberlega um tilvist sína og lífsreynslu, sem oft á tíðum er hræðileg. Rétt eins og samfélagið í held eru yfirvöld og rannsóknarstofnanir almennt að mestu ómeðvitaðar um tilvist intersex fólks. Þegar Evrópustofnun grundvallarmannréttinda birti skýrslu sína árið 2015 voru fordæmalausir erfiðleikar við gagnaöflun og almennur skortur á tölfræðigögnum nefnd sem tvær mikilvægustu niðurstöður skýrslunnar.¹⁸

Mikil þörf er á almennri gagnaöflun og könnun á sálrænum og líkamlegum lífskjörum intersex einstaklinga. Allar þessar rannsóknir þurfa að vera samkvæmt félagsfræðilegum aðferðum, vera afsjúkdómsvæðandi og taka mið af mannréttindum. Gagnaöflunin ætti helst að vera framkvæmd í samvinnu við intersex fræðimenn og/eða í samvinnu við intersex félög; hún ætti líka að viðurkenna og launa sérþekkingu þeirra.

Flestar þeirra fáu sálfélagslegu kannana sem gerðar hafa verið voru framkvæmdar af heilbrigðisstarfsfólki og/eða sálfræðingum. Þegar niðurstöður þeirra eru skoðaðar er mikilvægt að taka til greina að svarendur kunna að hafa orðið fyrir áföllum í fyrri læknisfræðilegum meðferðum. Því gætu heilbrigðisstofnanir verið yfirþyrmandi vettvangur til að koma í viðtöl. Svarendur gæti líka hafa þótt óþægilegt að eiga í samskiptum við spyrjendurna. Það er mjög líklegt að þeir einstaklingar sem upplifðu neikvæðustu áhrifin af læknismeðferðum hafi ekki verið tilbúnir í að taka þátt í viðtölum yfir höfuð, sem hefur í för með sér skort á mikilvægum gögnum í rannsóknin. Jafnvel í þessum takmarkaða fjölda kannana (og að teknu tilliti til þessara hugsanlegu gloppa í gögnunum) greinir talsvert hlutfall þátttakenda frá alvarlegum vandamálum sem tengjast læknisfræðilegum inngrípum.

13) Malta (2015), Act for the recognition and registration of the gender of a person and to regulate the effects of such a change, as well as the recognition and protection of the sex characteristics of a person, Art.

14) States of Jersey (2015), Discrimination (Sex and Related Characteristics) (Jersey) Regulations 201, Par. 7.3.

15) Basque Country Act 14/2012; Scottish Offences (Aggravation by Prejudice) Act. Hin síðarnefnda verður tekin til endurskoðunar árið 2016.

16) Austurríki, Danmörk, Holland (kyn); Rúmenía, Slóvenía (kynvitund); Svíþjóð (kyn og kynvitund); sjá: Evrópustofnun grundvallarmannréttinda: FRA Focus Paper. The Fundamental Rights Situation of Intersex People. Vínborg 2015, bls. 4.

17) Búlgaría, Eistland, Ítalía, Lúxemborg, Pólland, Portúgal, Rúmenía, Spánn, Slóvakía og Ungverjaland; sjá: Evrópustofnun grundvallarmannréttinda: FRA Focus Paper. The Fundamental Rights Situation of Intersex People. Vínborg 2015, bls. 4.

18) Evrópustofnun grundvallarmannréttinda: FRA Focus Paper. The Fundamental Rights Situation of Intersex People. Vínborg 2015, bls. 4–5.

LÍKAMLEG OG ANDLEG HEILSA INTERSEX FÓLKS

Þýsk könnun sem framkvæmd var af teymi heilbrigðisstarfsfólks milli 2005 og 2007 kortlagði reynslu 439 intersex einstaklinga á öllum aldri frá Þýskalandi, Austurríki og Sviss. 81% þeirra hafði verið sent í eina eða fleiri skurðaðgerðir vegna DSD-greiningar sinnar. Nærri 50% fullorðinna þátttakenda lýstu sálrænum erfiðleikum og ýmsum öðrum vandamálum sem tengdust líkamlegu heilbrigði þeirra og kynlífi. Tveir þriðju þeirra tengdu vandamálin við skurðaðgerðir og lækni meðferðir sem þau höfðu sætt. Börn sem tóku þátt í könnuninni lýstu alvarlegum röskunum, sérstaklega á fjölskyldulífi sínu og líkamlegri heilsu.¹⁹

Þessar niðurstöður eru áhyggjuefni. Könnun sem framkvæmd væri með áherslu á réttindi barna og mannréttindi almennt gæti leitt enn alvarlegri niðurstöður í ljós.

FJÁRMAGN

Aukinn fjöldi sýnilegra intersex aðgerðasinna og stofnun intersex félagsamtaka hefur aukið meðvitund um málefni intersex fólks. Í gegnum þessa vitundarvakningu hafa intersex aðgerðasinnar skapað þrýsting á breytingar. Stefnumótendur, ríkisstjórnir og alþjóðastofnanir eru nú að öðlast áhuga á því að tryggja að mannréttindi intersex fólks séu varin. Eins jákvæð og þessi breyting er, hefur hún í för með sér mikið vinnuálag fyrir intersex aðgerðasinna og samtök sem hafa takmörkuð (eða engin) fjárráð.

Samkvæmt rannsókn frá 2013 um stöðu skipulegs félagastarfs trans og intersex fólks („The State of Trans* and Intersex Organizing“)²⁰ eru intersex félög um heim allan vanfjármögnuð, þar á meðal í Evrópu. Miðgildi á árlegu fjármagni intersex mannrét-

tindasamtaka reyndist vera á bilinu 0 – 5,000 Bandaríkjadalir á ári. Sú upphæð er í engu samræmi við þá umfangsmiklu vinnu sem þau inna af hendi. Þótt aðstæður hafi batnað örlítið með stofnun Intersex mannréttindasjóðs Astraea (Astraea Intersex Human Rights Fund)²¹ árið 2015 berjast öll intersex félög í Evrópu í bökkum um fjármagn. Til þess að intersex félög geti stutt stefnumótendur er nauðsynlegt að auka bolmagn þeirra.

Intersex samtök gegna lykilhlutverki í því að miðla reynslu og sérþekkingu sem viðkemur lífsreynslu intersex fólks. Þegar unnið er að vernd grundvallarmannréttindum intersex fólk verða evrópskar stofnanir og ríkisstjórnir að vinna með intersex félögum.

19) Netzwerk Intersexualität (Ed.): Erste Ergebnisse der Klinischen Evaluationsstudie im Netzwerk Störungen der Geschlechtsentwicklung/ Intersexualität in Deutschland, Österreich und Schweiz Januar 2005 bis Dezember 2007. http://www.netzwerk-dsd.uk-sh.de/leadadmin/documents/netzwerk/evalstudie/Bericht_Klinische_Evaluationsstudie.pdf

20) The State of Trans* and Intersex Organizing. A case for increased support for growing but under-funded movements for human rights. Published by Global Action for Trans Equality together with American Jewish World Service and Strength in Numbers. http://ajws.org/wp-content/uploads/2015/05/ajws_trans-intersex-funding-report.pdf

21) Sjóðurinn Astraea – Lesbian Foundation for Justice – Intersex Human Rights Fund er sá fyrsti sinnar tegundar í heiminum. Sjóðurinn styður samtök, verkefni og herferðir sem eru leiddar af intersex aðgerðasinnum og beita sér fyrir mannréttindum, líkamlegu sjálfræði, líkamlegri friðhelgi og sjálfsákvörðunarrétti intersex fólks um heim allan.

ALGENGAR SPURNINGAR

HVERSU MARGT FÓLK ER INTERSEX?

Eldri áætlanir hljóðuðu upp á 1 af 2000, 1 af 4000, 1 af 5000 eða færri, allt eftir breytileikanum sem þær einblíndu á. Nýleg hollensk rannsókn bar hins vegar saman fyrirliggjandi læknisfræðilegar heimildir og komst að þeirri niðurstöðu að algengið væri mun hærra.

Heildaralgengi intersex breytileika er um 0,5078 %. Það þýðir að um ein manneskja af hverjum 200 er með breytileika á kyneinkennum sem væri flokkaður sem „röskun á líffræðilegu kyni“ (DSD) og talinn „krefjast“ læknisfræðilegra inngripa sem sálfélagslegt neyðartilvik.²²

SKILGREINIR INTERSEX FÓLK SIG SEM KARLA EÐA KONUR EÐA SEM INTERSEX / ÞRIÐJA KYNS?

Samkvæmt fyrirliggjandi tölfræði hafa flestir intersex einstaklingar karlkyns eða kvenkyns kynvitund. Þetta gefur til kynna að þau skilgreini sig sem karla eða konur. En þar sem intersex einstaklingar eru almennt neyddir með læknisfræðilegum inngripum og félagslegum þrýstingi til að koma fram sem „karlar“ eða „konur“ getur reynst þeim sérstaklega erfitt að þróa kynvitund aðra en karl- eða kvenkyns.

ER INTERSEX KYNVITUND?

Fólk með intersex líkama getur haft jafn fjölbreyttar kynvitundir (og kynhneigðir) og fólk sem ekki er með intersex líkama. Sumt intersex fólk hefur intersex kynvitund.

Intersex fólk er enn mjög ósýnilegt í samfélagi okkar. Fólk sem ekki er með intersex líkama og vill lýsa kynvitund sinni sem „intersex“ ætti að vera meðvitað um það að með þessu dregur það því miður úr sýnileika mannréttindabrota á intersex fólk.

ÞÝÐIR ÞAÐ AÐ VERA INTERSEX AÐ LÍFFRÆÐILEGT KYN MANNESKJUNNAR SÉ ÓTILGREINT / ÓLJÓST / ÓÞEKKT?

Nei. Það er einungis núverandi venja um að viðurkenna aðeins tvö kyn, karlkyn og kvenkyn, sem leiðir til þess að intersex sé flokkað sem „óljóst“. Það að stilla intersex upp sem óljósu eða óþekktu kyni er vanvirðing og hefur af intersex einstaklingum viðurkenningu á réttmæti líkama þeirra. Þessi falsdómur leiðir líka til þess að brotið er á líkamlegri friðhelgi þeirra með ósamþykktum læknisfræðilegum inngripum.

22) Hollenska félagsvísindastofnunin: Living with intersex/DSD: An exploratory study of the social situation of persons with intersex/DSD. Höfundur: Jantine van Lisdonk. 2014 (sjá: Viðauka B, Algengistöflu fyrir intersex/dsd).

HVAÐ ÞÝÐIR DSD?

DSD er ensk skammstöfun fyrir Disorder of Sex Development, sem útleggjast mætti á íslensku „röskun á þróun líffræðilegs kyns“ eða „röskun á líffræðilegu kyni“. Þetta er læknisfræðilegt regnhlífahugtak sem var tekið í notkun árið 2006 með samhljóðanaryfirlýsingu lækna (e. Clinician Consensus Statement). Hugtakið og nýir heilkennaflokkar komu í staðinn fyrir eldri læknisfræðileg hugtök. Hugtakið lýsir intersex kyneinkennum sem „frávikum“ frá normunum karlkyns og kvenkyns sem þarf að „laga“ eða „gera skýr“.

Hugmyndin um „röskun á líffræðilegu kyni“ sjúkdómsvæðir intersex fólk og líkama þeirra. DSD-orðafar er notað til að réttlæta „normgerandi“ læknisfræðileg inngrip til að láta intersex líkama falla að læknisfræðilegum og félagslegum normum. Í viðleitni til að forðast sjúkdómsvæðandi tengsl orðsins „röskun“ (e. disorder) hafa sumir læknar tekið upp á því að skilgreina skammstöfunina DSD sem „mun“ eða „fjölbreytni“ á líffræðilegu kyni (e. *differences of / diverse sex development*).

HVAÐ ER LÍKT OG ÓLÍKT MEÐ INTERSEX OG TRANS FÓLKI?

MIKILVÆGASTI MUNURINN ER:

Intersex snýst um líkamann: það að vera intersex þýðir að maður sé fæddur með kyneinkenni sem falla ekki að læknisfræðilegum og félagsfræðilegum normum fyrir svokallaða karl- og kvenlíkama. Trans snýst um kynvitund: það að vera trans þýðir að maður sé með kynvitund sem er ekki þess kyns sem okkur var úthlutað við fæðingu. Flest fólk sem er trans fæddist með líkama sem fellur að læknisfræðilegum og félagslegum viðmiðum um svokallaða karl- og kvenlíkama.

Intersex fólk sætir óafturkræfum læknisfræðilegum inngripum án samþykkis

Trans fólk sækist oft eftir læknisfræðilegum inngripum til að aðlaga líkama sinn að kynvitund sinni en á í erfiðleikum með að fá þá heilbrigðisþjónustu sem það þarf.

Vinsamlegast athugið:

Intersex einstaklingar geta haft kynvitund sem fer ekki saman við kynið sem þeim var úthlutað við fæðingu. Þeir kunna því að ákveða að nýta sér lagaleg úrræði í heimalandi sínu til að breyta nafni, kynskráningu eða líkama sínum í átt að eigin upplifun. Oft eru einu úrræðin sem standa til boða þau sömu og bjóðast trans fólki. Raunin er hins vegar sú að sumu intersex fólki er meinað að nýta sér þessi úrræði, allt eftir lagalegum skilyrðum eða öðrum skilyrðum fyrir notkun þeirra.

Bæði trans og intersex fólk er talið vera með „röskun“ samkvæmt læknisfræðilegum viðmiðum og flokkunum (þó trans fólk sé sagt vera með „andlega röskun“ samkvæmt skilgreiningu, meðan intersex fólk er sagt vera með „líkamlega röskun“).

MIKILVÆGUSTU LÍKINDIN ERU:

Bæði skorta viðurkenningu á grundvallarrétti sínum til sjálfs-ákvörðunar. Intersex fólk sætir læknisfræðilegum inngripum án samþykkis; trans fólk mætir gríðarlegum hindrunum í því að leita sér nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu og að öðlast viðurkenningu á kyni sínu.

Báðir hópar sæta mismunun og mannréttindabrotum í samfélagi þar sem kynjatvíhyggjan ræður ríkjum, til dæmis í skóla, í vinnu eða við íþróttaiðkun.

EF LÆKNAR SEGJA AÐ „RAUNVERULEGT“ KYN BARN SÉ KARL- EÐA KVENKYN, MYNDI BARNIÐ ÞÁ Hafa ÁBATA AF MEÐFERÐUM SEM AÐLAGA INTERSEX LÍKAMA ÞESS AÐ ÞVÍ KYNI?

Það er ekki hægt að bera kennsl á „raunverulegt“ kyn við fæðingu. Flokkarnir tveir yfir það sem virðist vera „raunverulegt“ kyn (þ.e. karl- og kvenkyn) endurspeglar ekki allt kyneinkennarófið. Meðferðir sem hafa það að markmiði að aðlaga kyneinkenni barns í átt að karl- eða kvenkyni eru skýrt brot á réttindum barnsins til líkamlegs sjálffræðis og friðhelgi. Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna er meðal þeirra sem fordæma „læknisfræðilega ónauðsynlegar skurðaðgerðir og aðrar aðgerðir á intersex börnum, án upplýsts samþykkis þeirra, sem hafa oft óafturkræfar afleiðingar og geta valdið alvarlegum líkamlegum og sálrænum þjáningum“ sem skaðlega venju²³ og skýlaust brot á mannréttindum barna.

Það er einnig ómögulegt að spá fyrir um kynvitund nokkurs barns, þar á meðal intersex barna.²⁴ Intersex fólk kann síðar á lífsleiðinni að fara í meðferð til að aðlaga líkama sinn að kynvitund sinni. En aðeins intersex fólk þið sjálf tætti að taka upplýstar ákvarðanir um það.

ER EKKI REITT AÐ HEILBRIGÐISSTARFSFÓLK

FORÐIST MEIRA OG MEIRA AÐ RÁÐAST Í ÓNAUÐSYNLEGAR SKURÐAÐGERÐIR?

Meðvitund fer vaxandi um það meðal heilbrigðisstétta að aðgerðum á intersex börnum ætti að fresta þar til börnin geta ákveðið sig sjálf. En þessi hugsun nær ekki til allra intersex barna. Heilbrigðisstéttir hafa tilhneigingu til að einskorða þessa varkárni við sum intersex tilbrigði og DSD-greiningar (t.d. intersex einstaklinga sem greindir eru með CAIS²⁵). Aðrir intersex einstaklingar (t.d. intersex börn með XX-litninga og greiningu á meðfæddum ofvexti í nýrnahettum, CAH²⁶) eru enn taldir hafa „ábata“ af því að sæta snemmbúnum útlitslegum inngripum.

Sumt heilbrigðisstarfsfólk heldur því fram að það framkvæmi ekki lengur aðgerðir á intersex börnum og skilgreinir „intersex“ sem þau börn sem ekki sé hægt að ákvarða kyn á. Í raun framkvæmir þetta heilbrigðisstarfsmenn enn aðgerðir á intersex börnum; þeir framkvæma aðgerðir á þeim sem þeir telja hægt að kyngreina með læknisfræðilegum aðferðum. Það er lykilatriði að skija að þær ósamþykktu meðferðir sem síðarnefndi hópurinn sætir eru mikil inngrip sem leiða til öramyndunar, minnkunar á næmni, fjölda aðgerða til eftirfylgni, erfðleika við hormónajafnvægi, áfalla og annarra líkamlegra og andlegra hamlana.

23) CRC/C/CHE/CO/2-4, 42. gr.

24) Í rannsókn á intersex einstaklingum 12 ára og eldri með mismunandi DSD-greiningar hafnaði umtalsverður hluti þátttakenda því kyni sem þeim var úthlutað við fæðingu. Í stað þess að viðurkenna að úthlutunin hefði augljóslega verið röng, túlkuðu höfundar rannsóknarinnar svörin sem merki um kynama (e. dysphoria). Sjá: de Vries A, Doreleijers T, Cohen-Kettenis P. Disorders of sex development and gender identity outcome in adolescence and adulthood: understanding gender identity development and its clinical implications. *Pediatric Endocrinology Reviews*. 2007;4(4):343-351.

25) CAIS eða Complete Androgen Insensitivity Syndrome er greining á ónæmi fyrir andrógenum eða karlhormónum.

26) CAH eða Congenital Adrenal Hyperplasia er greining á meðfæddum ofvexti í nýrnaberkjum.

AF HVERJU SAMÞYKKJA FORELDRAR SLÍK INNGRIP?

Rannsóknir hafa leitt í ljós að foreldrar eru oft illa upplýstir og undir álagi þegar samþykkis er leitað. Þeir hafa oft ekki nægan tíma eða upplýsingar til að veita raunverulegt upplýst samþykki.²⁷ Heilbrigðisstarfsfólk kann að vera fljótt að leggja til „leiðréttandi“ aðgerðir eða meðferðir sem miða að því að „normgera“ kyn barnsins, jafnvel þegar slíkar aðgerðir eru óþarfar og einungis útlitslegar.²⁸ Þeir foreldrar sem fá sjúkdómsvæðandi upplýsingar eru nær þrefalt líklegri til að samþykkja skurðaðgerðir en þeir sem fá upplýsingar sem ekki eru sjúkdómsvæðandi.²⁹

VILL INTERSEX FÓLK FÁ X Í VEGABRÉFIÐ SITT TIL AÐ ENDURSPUGLA Breytileikann Á KYNEINKENNUM SÍNUM?

Það fer eftir einstaklingnum. Flest intersex fólk er ekki ósátt við að vera skráð kven- eða karlkyns í opinberum gögnum, jafnvel þótt það endurspegli ekki kynvitund þess. En valkostir aðrir en „karl“ eða „kona“ ættu að standa öllum til boða, óháð því hvort þau séu intersex, og það ætti að vera hægt að breyta opinberum skjölum í gegnum einfalt ferli að ósk einstaklingsins sem um ræðir.

MÆLIÐ ÞIÐ MED ÞVÍ AÐ INTERSEX BÖRN VERÐI SKRÁÐ Í ÞRIÐJA KYNSKRÁNINGARFLOKK EÐA AÐ KYN ÞEIRRA SÉ EKKI SKRÁÐ?

Nei, ekki ef það er skylda fyrir intersex börn og óheimilt fyrir önnur börn. Það að skrá intersex börn undir þriðja kyni með lögum myndi afhjúpa barnið sem intersex í öllum aðstæðum þar sem framvísa þarf fæðingarvottorði. Ef slík skráning er aðeins aðgengileg intersex börnum verður það enn annar merkimiðinn sem aðgreinir þau frá öðru fólki. Þetta gæti jafnvel aukið þrýsting á að foreldrar velji læknisfræðileg inngrip til að barnið verði gjaldgengt í einn hinna flokkanna tveggja (karlkyn og kvenkyn).³⁰

Þess í stað ætti að gefa öllum foreldrum kost á að sleppa því að skrá kyn barns. Þetta myndi stuðla að jafnrétti allra kynja og kynvitunda. Það bætir stöðu bæði intersex barna og þeirra sem ekki eru intersex. Á meðan þessi valmöguleiki stendur ekki til boða mælir OII Europe með því að intersex börn séu skráð kvenkyns eða karlkyns en að haft sé hugfast að þau, líkt og allt fólk, gætu samsamað sig öðru kyni þegar þau vaxa úr grasi.

27) Heilbrigðismáladeild Viktoriuríkis í Kanada (2013), Decision-making principles for the care of infants, children and adolescents with intersex conditions, bls. 2. [http://docs.health.vic.gov.au/docs/doc/0D331CCCA75EE85ACA257B1800707957/\\$FILE/Final%20Intersex%20Conditions%20Resource.doc](http://docs.health.vic.gov.au/docs/doc/0D331CCCA75EE85ACA257B1800707957/$FILE/Final%20Intersex%20Conditions%20Resource.doc)

28) Charlotte Greenfield (8/7/2014), Should We 'Fix' Intersex Children?, The Atlantic <http://www.theatlantic.com/health/archive/2014/07/should-we-fix-intersex-children/373536/>

29) Jürg C. Streuli, Effy Vayena, Yvonne Cavicchia-Balmer & Johannes Huber (2013), Shaping parents: impact of contrasting professional counseling on parents' decision making for children with disorders of sex development, Journal of Sexual Medicine, 8. árg., 3. tbl., bls. 1953–1960 <http://www.ncbi.nlm.nih.gov/pubmed/23742202>

30) Sjá einnig OII Germany: Sham package for Intersex: Leaving sex entry open is not an option <http://oiiurope.org/bluff-package-for-inter-leaving-sex-entry-open-is-not-an-option/>

HVERNIG ER HÆGT AÐ BÆTA INTERSEX INN Í LÖGGJÖF SEM BANNAR MISMUNUN?

Oll Europe og aðildarfélög þess mæla með því að lögfest sé bann við mismunun á grundvelli „kyneinkenna“– óháð útliti eða samsetningu þeirra einkenna. Maltneska löggjöfin um kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni (e. *Gender Identity, Gender Expression and Sex Characteristics Act*), sem tilgreinir vernd á grundvelli kyneinkenna, er sem stendur besta dæmið á heimsvísu um vernd fyrir intersex einstaklinga.

Ef vernd á grundvelli kyneinkenna er ekki til staðar ætti að vernda réttindi fólks með breytileika á kyneinkennum með því að tilgreina þau sérstaklega sem þátt í vernd á grundvelli kyns.

ER INTERSEX EKKI HLUTI AF KYNHNEIGÐ OG KYNVITUND (E. SEXUAL ORIENTATION AND GENDER IDENTITY, SOGI)?

Nei. Það eru engin tengsl milli ákveðinna kyneinkenna, kynvitundar og/eða kynhneigðar.

Rétt eins og hjá konum og trans fólki eiga fordómar og mismunun gegn intersex fólki rætur sínar að rekja til kynjaðra staðalímynda sem enn ráða ríkjum í samfélögum okkar. Mest áriðandi málefnið fyrir intersex fólk eru læknisfræðileg inngrip sem er þröngvað upp á intersex líkama án vilja manneskjunnar eða samþykkis. Evrópulöggjöf og löggjöf einstakra þjóðríkja sem verndar réttindi lesbía, homma, tvíkynhneigðra og trans fólks á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar ávarpar ekki þennan vanda.

Hins vegar deilir intersex og trans fólk reynslu af kerfisbundinni og einstaklingsbundinni mismunun, áreitni og ofbeldi á grundvelli útlits og kyntjáningar. Þess vegna haga sum Evrópuríki tilgreint intersex sérstaklega sem þátt í löggjöf um kynvitund og kynhneigð (t.d. banni við hatursglæpum).³¹

Í slíkum tilvikum mælir Oll Europe með því að talað sé um kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu og kyneinkenni. Sé efnið á ensku má notast við skammstöfuna SOGIESC frekar en SOGI, en í henni er kyneinkennum (sex characteristics, SC) bætt við kynhneigð (sexual orientation, SO), kynvitund (gender identity, GI) og kyntjáningu (gender expression, E).

31) Sjá 1. kafla þessarar handbókar: Lagaleg staða í Evrópu.

**HVERNIG
GETUR ÞÚ
HJÁLPAÐ?**

NOKKRAR AUÐVELDAR AÐGERÐIR SEM HJÁLPA VIRKILEGA:



TALAÐU UM MÁLIÐ!

Þekkingarskortur er eitt lykilatriðanna fyrir mannréttindabrotunum og mismununinni sem intersex fólk verður fyrir. Með því að miðla upplýsingum um tilvist intersex fólks og mismun og réttindabrot gegn þeim, vinnurðu að því að gera intersex fólk öruggara og velkomnara í samfélaginu. Einn þáttur í þessu er að setja intersex málefni í forgrunn á öllum sviðum lífs og stjórn mála.



BÚÐU TIL ÖRUGGT RÝMI FYRIR INTERSEX FÓLK!

Það er líklegt að nú þegar sé intersex fólk í félaginu þínu, á vinnustaðnum þínum eða jafnvel á meðal vina og fjölskyldu. Það er mjög mikilvægt að skapa þeim öruggt rými til að koma úr felum. Það er ekki víst að þessir einstaklingar séu tilbúnir að koma út úr skápnum. Stundum veit intersex manneskjan sjálf ekki að hún sé intersex.

Ein góð nálgun er að bæta I-inu inn í skammstöfun félagsins – en ekki gera það nema að þið séuð tilbúnir að berjast fyrir réttindum intersex fólks. Ekki bæta bókstafnum inn bara til þess að bæta honum inn. Verið meðvituð um fjölbreytileika intersex fólks! Intersex fólk lítur ekki allt á sig sem hinsegin. Gætið þess að skapa umhverfi þar sem intersex fólk líður vel með sjálfsmynd sína, þar með talið það að vera ekki LGBT-fólk.



ÞÆTTIÐ I-IÐ INN Í STARFSEMI YKKAR!

Upplýsið samstarfsfélaga ykkar og fólk í tengslanetum ykkar um intersex mannréttindamál. Sem fyrsta skref ættuð þið að íhuga að biðja intersex aðgerðasinna um að veita ykkur þjálfun eða ráðgjöf. Þetta mun hjálpa ykkur að öðlast betri skilning á intersex málefnum, þeim áskorunum sem intersex samtök mæta og því hvernig þið getið beitt ykkur fyrir bættum hag intersex fólks í heimalandi ykkar.

Það er gott fyrsta skref að lesa þessa handbók. En þekkingin sem er í boði er miklu umfangsmeiri en hægt væri að gera skil í þessu hefti. Skoðið heimildirnar aftast í handbókinni til frekari upplýsingar. Lesið vefsíður OII Europe og ILGA-Europe til að fá reglulegar uppfærslur um stöðu mála. Kröfurnar í Möltuyfirlýsingunni (2013) eru lykilkrafur evrópsku og alþjóðlegu intersex mannréttindahreyfingarinnar. Rígyfirlýsingin (2014) gerir grein fyrir markmiðum evrópsku intersex mannréttindahreyfingarinnar. Rétt er að fylgja frumkvæðinu sem sett er fram í yfirlýsingunum tveimur.



STYÐJIÐ INTERSEX AÐGERÐASINNA OG FÉLAGASAMTÖKI!

Það er enn erfitt að vera sýnilega intersex í Evrópu. Þrátt fyrir þetta hefur intersex aðgerðasinnur og samtökum í Evrópu farið fjölgandi. Þau búa þó nánast öll við lítinn sem engan aðgang að fjármagni. Það að gerast intersex aðgerðasinni þýðir oft að maður þurfi að fórna getu sinni til að afla reglulegra tekna. Vegna fjárskorts er ætlast til þess að intersex aðgerðasinnar bjóði upp á faglega, afar sérhæfða ráðgjöf án endurgjalds. Það er því lykilatriði aðstoða intersex aðgerðasinna og félagasamtök fjárhagslega svo þau geti deilt sérþekkingu sinni.

Hagsmunabarátta síðustu ára er byrjuð að bera árangur. Nú er raunveruleg þörf á fjármagni og eftirfylgni til að gera vinnuna sjálfbæra og áhrifaríka. Ef þið hafið fjárhagslegt bolmagn til að styrkja intersex mannréttindasamtök er það frábær leið til að hjálpa. Þetta getur verið allt frá óformlegri, minni háttar aðstoð við ákveðin verkefni eða ferðalög til langtíma stuðnings við hreyfinguna.



„EKKERT UM OKKUR ÁN OKKAR“!

Vinnið með intersex félögum og hjálpið þeim að finna nýja bandamenn. Intersex mannréttindasamtök eru besti vettvangurinn til að afla nýjustu upplýsinga um mannréttindabrot gegn intersex fólki. Þau búa yfir langtímareynslu af baráttu fyrir mannréttindum intersex fólks.

Hafið samband við intersex samtökin í þínu heimalandi eða við OII Europe og bjóðið fram aðstoð ykkar. Spyrjið þau hvaða aðferðum þau beita og hvernig þið getið orðið þeim að liði. Þetta geta verið einföld skref eins og að senda fréttir á póstlista ykkar reglulega, að deila upplýsingum á Facebook eða að setja þau í samband við stefnumótendur, stjórnmalaflokka, jafnréttisstofnanir, einstaklinga sem hafa mikil áhrif á almenningsálit, mannréttindasamtök sem hafa ítök, og aðra hagsmunaaðila.

Þegar þið hugleiðið að grípa til sértækra aðgerða á sviði lagasetning og/eða í gegnum þing eða dómstóla mælum við eindregið með því að þið hafið samband við intersex-samtök ykkar lands eða, séu slík samtök ekki til staðar, við OII Europe. Þessi samtök eru líklegust til að hafa nýjustu upplýsingar um stöðu mála innanlands og á alþjóðavísu. Ef ykkar félagasamtök búa ekki yfir þessari sérþekkingu er best að vinna saman að bætum hag intersex fólks í samfélagi ykkar.



NÝTIÐ YKKUR VERKFÆRI OG STAÐLA MANNRÉTTINDABARÁTTUNNAR!

Vekið athygli á yfirlýsingum alþjóðlegra mannréttindasamtaka um intersex. Það er afar jákvætt skref að hvetja alla hagsmunaaðila til að fylgja ráðleggingum mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins.

Fylgist með stöðum mannréttindamála í heimalandi ykkar. Hjálpið intersex fólki að tilkynna þau mannréttindabrot og mismunun sem þau sæta til mannréttinda- og jafnréttisstofnana í heimalandinu. Ýmis verkfæri standa ykkur til boða á alþjóðavísu.

Ef þið búið í Evrópusambandsríki getið þið til dæmis aðstoðað intersex aðgerðasinna við söfnun gagna fyrir skýrslur Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda. Innan Evrópuráðssvæðisins getið þið aðstoðað OII Europe og ILGA-Europe við að senda Evrópunefndinni gegn kynþáttafordómum (e. European Commission against Racism and Intolerance, ECRI) gögn í reglubundnar skýrslur sínar um hvert þjóðríki.

Síðan 2008 hafa endurskoðunarnefndir Sameinuðu þjóðanna gegnt lykilhlutverki við að vekja athygli á mannréttindabrotum gegn intersex fólki, bæði í Evrópu og víðar. Séuð þið að skrifa skuggaskýrslu fyrir reglubundna endurskoðun ykkar lands, bjóðið intersex samtökum að skrifa kafla um mannréttindabrot gegn intersex fólki. Í tilviki sérstaklega alvarlegra og vel skrásettra brota mætti íhuga að höfða mál á grundvelli mannréttinasáttmála Evrópu eða félagssáttmála Evrópu eða fyrir mannréttindadómstóli Samenuðu þjóðanna. Í öllum tilvikum, sama hvort um tilmæli án skuldbindinga eða skuldbindingandi úrskurði er að ræða, er lykilatriði að hafa gott eftirlit með framkvæmdinni í kjölfarið.



PUNKTAR TIL LGBT-AÐGERÐASINNA

Ekki sækja um mikið fjármagn til að byrja að vinna í intersex málefnum, sérstaklega ef það er engin intersex forysta í samtökum ykkar.

Hafið hugfast að þarfir intersex fólks eru frábrugðnar frá þörfum sam- og tvíkynhneigðs fólks og frá þörfum trans fólks. Ekki ráðast í aðgerðir nema að þið séuð viss um að þið skiljið málið sem um varðar og víðtækari afleiðingar aðgerðanna.

Munið að hin einfalda regla „Ekkert um okkur án okkar!“ á líka við um intersex fólk og bandamenn þeirra.

VIÐAUKAR

VIÐURKENNING Á MANNRÉTTINDABROTUM – UMFJÖLLUN ALÞJÓÐLEGRA MANNRÉTTINDASTOFNANA UM INTERSEX

Á UNANFÖRNUM TÍU ÁRUM HAFU YFIR 15 ALÞJÓÐLEGAR MANNRÉTTINDASTOFNANIR GEFIÐ ÚT MJÖG SKÝR TILMÆLI TIL RÍKISSTJÓRNA UM AÐ BINDA ENDA Á ÓSAMÞYKKT LÆKNISFRÆÐILEG INNGRIP Í LÍKAMA INTERSEX EINSTAKLINGA.

Árið 2011 sendi mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Navi Pillay, bréf til mannréttindaráðs SP sem vakti athygli á því að intersex börn sæti mismunun og læknisfræðilega ónauðsynlegum aðgerðum sem framkvæmdar eru án þeirra samþykkis eða samþykkis foreldra þeirra.

Þetta sama ár lýsti nefnd SP um útrýmingu mismununar gegn konum yfir áhyggjum sýnum um að intersex konur væru „bolendur misnotkunar af hálfu heilbrigðisstarfsfólks“³² á Kosta Ríka.

Það var einnig árið 2011 að nefnd SP gegn pyntingum kallaði eftir því í skýrslu sinni um Þýskaland að „bestu aðferðum væri beitt við að tryggja upplýst samþykki fyrir læknis- meðferðum og skurðaðgerðum á intersex fólki, þar með talið heildstæðri upplýsingagjöf, bæði munnlega og skriflega, um meðferðina sem lögð er til, réttlætningu hennar og aðra valkosti“ og að upplýsa skyldi intersex einstaklinga og foreldra þeirra um afleiðingar óþarfa skurðaðgerða og meðferða. Nefndin óskaði enn fremur eftir því að rannsókn færi fram á tilvikum þar sem upplýst samþykki skorti og að viðeigandi úrlausn og skaðabætur væru veittar. Lokshvatti nefndin Þýskaland til að veita fags- téttum heilbrigðisstarfsfólks og sálfræðinga viðeigandi þjálfun um fjölbreytileika fólks m.t.t. kyns, líffræði og líkama.³³

Sérstakur skýrslugjafi SP um pyntingar og aðra grimmilega, ómannlega eða van- virðandi meðferð eða refsingu, Juan Mendez, árétaði tilmæli nefndarinnar gegn pyntingum árið 2013. Þá óskaði hann eftir því að öll ríki felltu niður lög sem heimila nærgöngul og óafturkræf inngrip, „þar á meðal þvingaðar skurðaðgerðir til normgervingar á kynfærum [og] óumbeðnar ófrjósemisaðgerðir [...] þegar þeim er beitt án þess að manneskjan sem um ræðir hafi veitt óþvingað og upplýst samþykki“ og að einstaklingar í jaðarsettum hópum fengju sérstaka vernd.³⁴

Árið 2014 lagði mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, Navi Pillay, aftur áherslu á að „óafturkræfar skurðaðgerðir og ófrjósemisaðgerðir væru enn framkvæmdar á intersex börnum án upplýsts samþykkis þeirra og ylli það þeim varanlegum skaða.“³⁵

Í skýrslu sinni um Sviss árið 2014 hvatti nefnd SP um réttindi barna ríkið til að vernda líkamlega friðhelgi, sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt intersex barna, fyrirbyggja óþarfa læknis- meðferðir og skurðaðgerðir, og sjá fjölskyldum intersex barna fyrir viðeigandi ráðgjöf og stuðningi.³⁶

Árið 2014, sendi mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Nils Muižnieks, frá sér athugasemd sína um mannréttin- di Drengur eða stúlka eða manneskja – intersex fólk skortir viðurkenningu í Evrópu (e. A boy or a girl or a person – inter- sex people lack recognition in Europe). Í þessu skjali áréttar mannréttindafulltrúinn að „snemmbúin „normgerandi“ inngrip virða ekki rétt intersex fólks til sjálfsákvörðunar og líkamlegrar friðhelgi“ og að „samþykki foreldra sé ekki endilega óþvingað og upplýst og geti því varla tekið tillit til hagsmuna barnsins til langs tíma litið.“³⁷

Sama ár sendu sjö embætti innan Sameinuðu þjóðanna, sem sum hver höfðu aldrei fjallað um intersex málefni áður, frá sér sameiginlega yfirlýsingu sem lýsir ósamþykktum útlitslegum aðgerðum og öðrum læknisfræðilega óþörfum inngripum í líkama intersex barna sem mannréttindabrotum.³⁸

Árið 2015 skoruðu þrjár stofnanir innan Sameinuðu þjóðanna á sjö þjóðríki, þar af fjögur Evrópuríki, að vernda líkamlega friðhelgi, sjálfræði og sjálfsákvörðunarrétt intersex einstaklinga. Í tilmælunum fólst ákall um að grípa til „nauðsynlegra lagalegra, stjórnsýslulegra og annarra aðgerða til að tryggja að líkamleg friðhelgi og sjálfræði intersex fólks sé virt og að enginn sé látinn sæta inngripum í frumbersku eða æsku sem ekki eru brýn eða sem er ætlað að ákvarða kyn barnsins“.³⁹

Sama ár ávarpaði mannréttindafulltrúi SP, Zeid Ra'ad Al Hussein, mannréttindabrot gegn intersex fólki í setningar-ræðu sinni á 30. fundi mannréttindaráðs SP. Hann lagði áherslu á að intersex börn og fullorðnir væru „oft þvinguð í ófrjósemis-aðgerðir og aðrar óþarfar og óafturkræfar skurðaðgerðir og sættu mismunun í skólum, á vinnustöðum og víðar“ því líkamar þeirra féllu ekki að dæmigerðum skilgreiningum á karl- eða kvenkyni.⁴⁰

Fyrir á árinu 2015 hafði skrifstofa mannréttindafulltrúa SP gefið út upplýsingablað um intersex sem hluta af jafnréttisherferðinni UN Free & Equal. Meðal upplýsinganna var langur aðgerðalisti sem ávarpaði þjóðríki, fjölmiðla og almenning.⁴¹

Árið 2015 gaf mannréttindafulltrúi Evrópuráðsins, Nils Muižnieks, út skýrslu sína *Mannréttindi og intersex fólk (e. Human Rights and Intersex People)*, sem skorar á aðildarríki ráðsins að „binda enda á læknisfræðilega ónauðsynlegar „normgerandi“ meðferðir á intersex manneskjum sem er framfylgt með valdi eða án óþvingaðs og fyllilega upplýsts samþykkis hlutaðeigandi“. Skýrslan lýsir ennfremur leiðum til framfara hvað varðar verndun intersex fólks fyrir mismunun, fullnægjan-di viðurkenningu á kyni þeirra í opinberum skjölum, og getu til að leita réttar síns.⁴²

Evrópastofnun grundvallarmannréttinda studdi tillögur mannréttindafulltrúans með því að gefa út sína eigin skýrslu um grundvallarmannréttindi intersex fólks, *The Fundamental Rights Situation of Intersex People*. Niðurstöður stofnunarinnar staðfestu áhyggjur intersex mannréttindasamtaka. Fram kom að „í að minnsta kosti 21 aðildarríki Evrópusambandsins færu fram „normgerandi“ skurðaðgerðir á intersex börnum“ og að í „átta aðildarríkjum gæti forsjáaraðili veitt samþykki fyrir „normgerandi“ aðgerðum óháð getu barnsins til að ákveða sig sjálf“. Stofnunin kemst að þeirri niðurstöðu að sérfræðinga á sviði lögfræði og heilbrigðisþjónustu skorti þekkingu um grundvallarréttindi intersex fólks, sérstaklega börn, og lögðu áherslu á að „aðildarríki ættu að forðast ósamþykkt inngrip „til að normgera kyneinkenni“ á intersex fólki“. Í skýrslunni er einnig bent á að intersex varði kyneinkenni og því sé betra að fjalla um það sem þátt í vernd á grundvelli kyns heldur en kynhneigðar eða kynvitundar. Hvað kynskráningu í opinberum gögnum varðar, lagði stofnunin til að núverandi lög og venjur yrðu yfirfarnar til að bæta vernd intersex fólks.⁴³

32) CEDAW/C/CRI/CO/5-6, 40. gr.

33) CAT/C/DEU/CO/5, 20. gr.

34) A/HRC/19/41, 56. gr.

35) <http://www.ohchr.org/en/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=14654&LangID=E>

36) http://tbinternet.ohchr.org/_layouts/treatybodyexternal/Download.aspx?symbolno=CRC%2fC%2fCH E%2fCO%2f2-4&Lang=en

37) <http://www.coe.int/hu/web/commissioner/-/a-boy-or-a-girl-or-a-person-intersex-people-lack-recognition-in-euro-1>

38) http://www.who.int/reproductivehealth/publications/gender_rights/eliminating-forced-sterilization/en/29

39) Nefnd um réttindi barna, athugasemdir um Sviss (CRC/C/CHE/CO/2-4); nefnd um réttindi fatlaðs fólks, athugasemdir um Þýskaland (CRPD/C/ DEU/CO/1); nefnd gegn pyntingum, athugasemdir um Austurríki (CAT/C/AUT/CO/6), Danmörku (CAT/C/DNK/CO/6-7) og Sviss (CAT/C/CHE/CO/7).

40) <http://www.ohchr.org/EN/NewsEvents/Pages/DisplayNews.aspx?NewsID=16414&LangID=E#sthash.q0niwo.dpuf>

41) https://unfe.org/system/unfe-65-Intersex_Factsheet_ENGLISH.pdf

42) <https://wcd.coe.int/com.instranet.InstranetServlet?command=com.instranet.CmdBlobGet&InstranetImage=2768767&SecMode=1&DocId=2282716&Usage=2>

43) Evrópastofnun grundvallarmannréttinda: FRA Focus Paper. The Fundamental Rights Situation of Intersex People. Vínarborg 2015.

Tilmæli mannréttindafulltrúa Evrópuráðsins eru eftirfarandi:

- Hætta skal óþarfa lækni meðferðum og skurðaðgerðum á intersex fólki án samþykkis þess
- Virða ber rétt intersex fólks til þess að undirgangast ekki meðferð til úthlutunar á kyni
- Yfirfara skal læknisfræðilegar flokkanir sem sjúkdómsvæða intersex fólk. Bæta skal lög og reglugerðir til að gera intersex einstaklingum kleift að fá lagalega viðurkenningu á kyni sínu í opinberum skjölum og virða sjálfsákvörðunarrétt þeirra
- Tryggja ber að jafnréttislöggjöf og lög gegn hatursglæpum verndi intersex fólk
- Veita skal intersex fólki fullan aðgang að sjúkraskýrslum sínum
- Ítarlegri rannsókn er þörf til að ávarpa mismunun og önnur mannréttindabrot á intersex fólki með fullnægjandi hætti
- Auka þarf meðvitund almennings og bæta faglega þjálfun um þau vandamál sem intersex fólk verður fyrir
- Tryggja ber aðkomu intersex fólks að þróun úrræða til að ávarpa þessi vandamál
- Bæta skal ráðgjöf til intersex barna og foreldra þeirra
- Tryggja skal aðgang intersex fólk að réttarkerfinu og rannsaka og viðurkenna mannréttindabrot sem átt hafa sér stað

**TENGLAR,
HEIMILDIR
OG TENGILIÐIR**

KRÖFUR OG MARKMIÐ INTERSEX FÓLKS

- Möltuyfirlýsingin (Yfirlýsing þriðja Alþjóðlega intersex-málþingsins, Valettu, Möltu, 2013) <http://oieurope.org/public-statement-by-the-third-international-intersex-forum/>
- Riga-yfirlýsingin (Yfirlýsing Evrópska intersex-fundsins í Riga, Lettlandi, 2014) <http://oieurope.org/statement-of-the-european-intersex-meeting-in-riga-2014/>

WHO/ICD-ENDURSKOÐUN

- Intersex Issues in the International Classification of Diseases: a revision. <http://transactivists.org/2015/10/26/intersex-issues-in-the-international-classification-of-diseases-icd/>

INTERSEX OG FÖTLUN

- OII Europe (2015): Statement of OII Europe on Intersex, Disability and the UN Convention on the Rights of People with Disabilities. http://oieurope.org/wp-content/uploads/2015/05/CRPD_2015_Statement_OII_Europe.pdf

ATVINNA

- OII Australia, Pride in Diversity (2014): Employers' Guide to Intersex Inclusion <https://oii.org.au/wp-content/uploads/key/Employer-Guide-Intersex-Inclusion.pdf>

LÖGGJÖF OG REGLUVERK

- Maltese bill on gender identity, gender expression and sex characteristics (2015) <http://justiceservices.gov.mt/Download-Document.aspx?app=lom&itemid=12312&l=1>
- Maltese educational policy on how to accommodate the needs of trans, intersex and gender-variant students (2015) <http://education.gov.mt/en/resources/News/Pages/News%20items/Imniedi-d-dokument-%E2%80%98Trans,-Gender-Variant-and-Intersex-Students-in-Schools%E2%80%99.aspx>

REPORTS ON THE HUMAN RIGHTS OF INTERSEX PEOPLE

- Human rights and intersex people. Issue Paper published by the Council of Europe Commissioner for Human Rights (2015) <https://wcd.coe.int/ViewDoc.jsp?Ref=CommDH/Issue-Paper%282015%291&Language=lanEnglish&Ver=original>
- EU Fundamental Rights Agency (2015): The fundamental rights situation of intersex people <http://fra.europa.eu/sites/default/files/fra-2015-focus-04-intersex.pdf>
- United Nations (2015): Human Rights of Intersex Persons (Side event at the 30th Session of the Human Rights Council in September 2015) <https://www.youtube.com/watch?v=uPGOnBSYbOc#t=20>
- 24. GMFK Konferenz (2014): Top 8.1: Rechte intersexueller Menschen wahren und Diskriminierung beenden – insbesondere Schutz der körperlichen Unversehrtheit http://www.gleichstellungsministerkonferenz.de/documents/2014_10_13_Beschluesse_GESAMT_Extern.pdf
- Council of Europe Commissioner for Human Rights (2014): Human Rights Comment: A boy or a girl or a person – intersex people lack recognition in Europe <http://www.coe.int/hu/web/commissioner/-/a-boy-or-a-girl-or-a-person-intersex-people-lack-recognition-in-euro-1>
- United Nations (2014): Intersex People and Human Rights: Violations, Voices and Visions. (Side event at the UN prior to the 25th Session of the Human Rights Council in March 2014) <http://youtu.be/hhTYqCv7gE>
- Parliamentary Assembly of the Council of Europe (2013): Children's right to physical integrity <http://assembly.coe.int/ASP/Doc/XrefViewPDF.asp?FileID=20174&Language=en>
- United Nations General Assembly (2013): Report of the Special Rapporteur on torture and other cruel, inhuman or degrading treatment or punishment, Juan E. Méndez http://www.ohchr.org/Documents/HRBodies/HRCouncil/RegularSession/Session22/A.HRC.22.53_English.pdf
- Dan Christian Ghattas (2013): Human Rights between the Sexes. A preliminary study on the life situations of inter* individuals. Ed. by the Heinrich-Böll-Foundation. Berlin <http://www.boell.de/en/2013/10/21/human-rights-between-sexes>

- Swiss National Advisory Commission on Biomedical Ethics: On the management of differences of sex development Opinion No. 20/2012. Ethical issues relating to "intersexuality" http://www.nek-cne.ch/leadmin/nek-cne-dateien/Themen/Stellungnahmen/en/NEK_Intersexualitaet_En.pdf
- San Francisco Human Rights Commission (2005): A human rights investigation into the medical "normalization" of intersex people (2005) http://www.isna.org/les/SFHRC_Intersex_Report.pdf

Þetta er aðeins úrval. Yfirlýsingar og skýrslur sem eru uppfærðar reglulega, með yfirlýsingum, skýrslum og tilmælum, þ.m.t. tilmælum Sameinuðu þjóðanna, er aðgengilegur á www.oieurope.org

KVIKMYNDIR, GREINAR OG BÆKUR

- Mauro Cabral (2015): The marks on our bodies (Grein birt á degi meðvitundar um intersex, 26. október, <http://intersexday.org/en/mauro-cabral-marks-bodies/>)
- Inter – Erfahrungen intergeschlechtlicher Menschen in der Welt der zwei Geschlechter (2013, ritstj. Barth, Ghattas, Böttger, Schneider), safn ritgerða og samtala um reynslu intersex fólks frá fimm heimsálfum.
- Intersexion (Heimildamynd sem fjallar um lífsreynslu ólíkra intersex einstaklinga, Nýja-Sjáland, 2012)
- Orchids, My Intersex Adventure (Sjálfsævisöguleg heimildamynd um intersex kvikmyndagerðarmanneskju, Australia, 2010)
- Interdicciones – Escrituras de la Intersexualidad en Castellano (2009, ritstj. M. Cabral), safn ritgerða og samtala um reynslu intersex fólks í rómönsku Ameríku og á Spáni.
- XXY (Leikin kvikmynd um intersex unglíng, Argentína, Spánn, Frakkland, 2007)
- Octopusalarm (Upprunalegur titill: Tinten schalarm, fyrsta evrópska heimildamyndin um intersex manneskju, Austurríki, 2006)
- Hermaphrodites Speak! (Heimildamynd úr fyrstu intersex-búðunum 1995, Bandaríkin 1996, https://www.youtube.com/watch?v=VMER3_nxIN0)

VEFSÍÐUR

- oieurope.org
- intervisibility.eu
- intersexday.org
- www.interfaceproject.org
- www.ilga-europe.org/what-we-do/our-advocacy-work/trans-and-intersex/intersex

WWW.OIIEUROPE.ORG